

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 277/2004

frá 17. febrúar 2004

um leyfi án tímamarka fyrir aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema veitt hafi verið leyfi Bandalagsins fyrir því.
- 2) Í 3. gr. a í tilskipun 70/524 er mælt fyrir um kröfur varðandi leyfi Bandalagsins fyrir notkun aukefnis í fódri.
- 3) Notkun ensímsins 3-fýtasa, sem er framleitt með *Aspergillus niger* (CBS 114.94), hefur þegar verið leyfð án tímamarka fyrir dýraflokkana smágrísi, eldisgrísi, gyltur, eldiskjúklinga og varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 ⁽³⁾.
- 4) Þetta aukefni var leyft til bráðabirgða fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2316/98 ⁽⁴⁾.
- 5) Framleiðslufyrirtækið lagði í júní 2003 fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessu aukefni fyrir eldiskalkúna.
- 6) Mat á þessari umsókn um leyfi, að því er varðar notkun þessa aukefnis fyrir eldiskalkúna, leiðir í ljós að skilyrði fyrir leyfi án tímamarka, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

- 7) Því skal leyfa notkun þessa aukefnis fyrir kalkúna án tímamarka.
- 8) Matið á umsókninni leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁵⁾ eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 ⁽⁶⁾.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, til notkunar sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkniefningar á hvert kg heilföðurs			
„Ensím								
E 1600	3-fýtasi EC 3.1.3.8 [Natúfos FTU-8]	Efnablenda með 3-fýtasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 114.94), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 000 FTU (¹)/g Vökvaform: 5 000 FTU/ml	Eldiskalkúnar	—	250 FTU	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur á kg heilföðurs: 500 FTU. Til nota í fôðurböndur sem innihalda yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór. 	Án tímamarka

(¹) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.